

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1124
komudagur 25.2.2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2004

Efni: Frv. til I. um erfðafjárskatt (435. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Erfðafjárskattur leggst á við yfirfærslu eigna milli aðila, eigna sem arfleifandi hefur þegar greitt skatt af. Því er Verslunarráðið alfarið á móti erfðafjárskatti. Hins vegar er Verslunarráðið hlynnt þeim breytingum sem boðaðar eru í þessu frumvarpi. Það hefur lengi verið baráttumál Verslunarráðs að einfalda skattkerfið; fækka skattþrepum og undanþágum frá skatti og lækka þess í stað skatta á almenning. Telur Verslunarráð frumvarpið fela í sér jákvæðar breytingar með lækkun skatthlutfalls, afnámi stighækkandi skatthlutfalls, hækkun skattfrelsismarka og að erfðafjárskattur verði eingöngu lagður á þá fjárhæð sem er umfram viðmiðunarmörkin. Því styður Verslunarráðið frumvarp þetta og hvetur þingmenn um leið til að ganga enn lengra og afnema erfðafjárskatt með öllu.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigrúður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is